

LAXARANNSÓKNIR í VESTURDALSA í  
VOPNAFIRÐI 1988

Ólafur Einarsson  
Arni Jóhann Óðinsson

Veiðimálastofnun VMST/R-89016



VEIDIMÁLASTOFNUN  
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252  
125 Reykjavík.

## INNGANGUR

í skýrslu þessari verður gert grein fyrir rannsóknum á fiskistofnum Vesturdalsá í Vopnafirði, en Veiðimálastofnun hefur staðið fyrir rannsóknum í Vesturdalsá allt frá árinu 1979.

Vesturdalsá í Vopnafirði er dragá sem á upptök sín inn á Haukadalsheiði þar sem megin hluti árinnar rennur úr Arnarvatni. Vesturdalsá rennur þaðan um Þverfellsdal og svo Vesturárdal þar sem áin fellur að endingu um Skógalón og Nýpurlón og í sjó í Vopnafjörð (Mynd 1).

## FRAMKVÆMD

Seiðarannsóknir voru framkvæmdar á svipaðan hátt og árin á undan (Sigurður Guðjónsson 1988). Sumarið 1988 var áin heimsótt einu sinni og var þá rafveitt á fjórum stöðum, samtals 1200 m<sup>2</sup>, í annarri viku af ágúst.

Hreistri var safnað í afla stangveiðimanna og það notað síðar til að aldursgreina þá laxa. Á þann hátt er hægt að fá upplýsingar um aldurssamsetningu laxagöngunar sumarið 1988. Einnig var farið í veiðigögn til þess að gera sér grein fyrir kynjaskiptingu og hlutfalli smálaxa og stórlaxa í afla veiðimanna.

## NIDURSTÖÐUR

Seiðaástand í Vesturdalsá er nú nokkuð gott og er meðalþéttleiki seiða samtals 9,0 seiði/100 m<sup>2</sup> (Tafla 1). Klakárgangurinn 1987 virðist vera sterkasti árgangurinn og er áberandi á öllum stöðvum sem rafveitt var á. Aðrir árgangar koma ekki eins vel fram í rafveiðinni (Tafla 1 og Mynd 2-4).

Bleikjuseiði finnast á öllum rafveiðistöðvum en í nokkuð breytilegu magni (Mynd 2 og 3). Nær eingöngu finnast seiði frá klakárgöngum 1987 og 1988. Ekki varð vart við urriðaseiði.

Samkvæmt veiðiskýrslum veiddust sumarið 1988 á stöng í Vesturdalsá 231 lax, þar af voru 119 smálaxar og 112 stórlaxar (Tafla 5) (Guðni Guðbergsson munnl. uppl.). Gagnlegt er að hafa upplýsingar um magn smálaxa í veiði ef reyna á að spá í stórlaxagöngu árið eftir en Jón Kristjánsson (1982) sýndi fram á það að í ám á Austurlandi virðist vera mikil fylgni milli stærðar smálaxagöngu eitt árið og svo stærðar stórlaxagöngu sumarið eftir. Uppistaðan í veiðinni 1988 eru klakárgangar frá árinu 1981-1983 (Tafla 4). Tekin voru 171 hreistursýni úr aflanum sumarið 1988 (Tafla 3), hægt var að lesa úr nær öllum þessum sýnum og voru einungis átta sýni ónýt. Alls voru því aldursgreindir 163 laxar sem er um 70 % aflans í Vesturdalsá, af þessum lögum reyndust þrír laxar vera að ganga í ána í annað sinn til hrygningar.

Ekki voru tiltækjar tölur yfir bleikjuveiði sumarið 1988, en 1987 veiddust samkvæmt veiðibókum 506 bleikjur og þrír urriðar. Greinilegt er að standa þyrfti betur að skráningu

bleikju- og urriðaafla í veiðibækur, en það vill brenna við að allar upplýsingar um aðra veiði en lax komist illa til skila.

Tafla 1. Þéttleiki seiða eftir aldri á hverja 100 m<sup>2</sup>.

Ár	Fjöldi stöðva	Aldurshópar						Alls
		0	1	2	3	4	Eldri	
1979	6	0.6	10.0	4.9	9.7	0.4		25.6
1980	9	7.1	1.5	13.6	1.8	2.4	0.3	26.7
1981	5	1.9	7.1	1.8	6.5	0.3	0.1	17.7
1982	6		1.3	4.5	0.5	0.3	0.2	6.8
1983	5	0.2	0.6	3.0	2.1	0.4	0.1	6.4
1984	3			1.2	6.4			7.6
1985	13	0.1		0.2			0.2	0.5
1986	8	2.8	2.5	0.1	0.6	0.1		6.1
1987	6	4.2	2.1	0.7	0.1		0.1	7.2
1988	4	0.2	7.1	1.5	0.2			9.0

Tafla 2. Meðallengd seiða eftir aldri í sentimetrum.

Ár	Fjöldi stöðva	Stærð stöðva m <sup>2</sup>	Aldurshópar						Eldri
			0	1	2	3	4		
1979	6	1270	3.0	5.2	7.2	9.2	13.1		
1980	9	1925	4.4	5.8	7.5	9.4	10.8	12.2	
1981	5	1570	3.1	4.9	6.4	8.2	10.8	13.3	
1982	6	2980		5.9	8.2	10.8	12.0	13.2	
1983	5	1260	3.5	6.4	8.1	9.9	11.4	13.3	
1984	3	480			7.2	8.6			
1985	13	2780	3.5		8.9			11.3	
1986	8	3120	3.7	6.6	9.0	11.4	14.8		
1987	6	3320	4.0	6.7	9.5	11.3			
1988	4	1200	3.2	6.0	8.6	11.2			

Tafla 3. Aldursamsetning laxa í Vesturdalsá 1988, lesið af hreistri.

Ár í sjó	1	2	3					
Ár í fersk- vatni	Hengur	Hrygna	Hengur	Hrygna	Hengur	Hrygna	Samtals	%
1								
2								
3	2		1	3			6	4.9
4	27	13	5	21	1	3	70	57.4
5	23	4	7	9		1	44	36.1
6	1			1			2	1.6
Samtals	53	17	13	34	1	4	122	
%	70		47		5			

Tafla 4. Hlutdeild mismunandi árganga í Vesturdalsá 1988 (byggt á hreisturgögnum).

Hrygning ár	Klak ár	Fjöldi	%
1979	1980	5	3.1
1980	1981	26	15.9
1981	1982	71	43.6
1982	1983	59	36.2
1983	1984	2	1.2

Tafla 5. Smálax og stórlax í veiði 1988 í Vesturdalsá. Miðað var við að þeir laxar hafi verið tvö ár í sjó ef hængar voru yfir 8 pund, hrygnur yfir 7 pund og þegar kyn er óákvarðað var einnig miðað við 7 pund.

Ár í sjó	Hængur	Hrygna	Kyn óákvarðað	Samtals
1	85	27	7	119
2	37	65	10	112
Samtals	122	92	17	231

#### UMRÆDA

Eins áður og hefur komið fram telst seiðaástand í Vesturdalsá nú vera í nokkuð góðu lagi. Seiðapéttleikinn er nokkuð meiri en undanfarin ár og munar þar mestu um klakárganginn frá 1987. Þó svo að seiðapéttleiki sé ekki eins mikill og rafveiðarnar á árunum 1979-1981 sýndu (Tafla 1). Seiðaárgangar frá þessum árum hafa að mestu staðið undir veiðinni frá árinu 1985 (Siguður Guðjónsson 1988).

Laxaseiði í Vesturdalsá ganga flest til sjávar er þau hafa náð 3-5 ára aldri seiðin eru þá um 10-12 cm að lengd, eitthvað er þó um það að seiði dvelji lengur í ánni, jafnvel allt uppi í átta ár þó svo að það sé undantekning (Tafla 1, 2 og Sigurður Guðjónsson 1988).

Sumarið 1988 var töluvert af bleikjuseiðum í ánni og veiddust bleikjuseiði á öllum rafveiðistöðvum. Áberandi fá bleikjuseiði veiddust þó við öskumel. Þegar á heildina er litið er seiðapéttleiki svipaður og árið 1987 (Mynd 2-4 og Sigurður Guðjónsson 1988).

Nauðsynlegt er að halda athugunum í Vesturdalsá áfram og að fylgst sé með seiðaástandi í ánni til að afla upplýsinga um seiðastofna árinnar. Ef í ljós kæmi eitthvert árið að klakárangur hefði algerlega brugðist, þá mætti grípa inn í með seiðasleppingum í ána.

Góð mynd fékkst af aldurssamsetningu laxagöngunnar sumarið 1988. Laxar úr klakárgögum 1981-1983 eru megin uppistaðan í aflanum (95.7%), hin 4.3 % eru úr klakárgögum 1980 og 1984 (Tafla 4). Nokkuð minni veiði var í Vesturdalsá sumarið 1988 en árið áður. Svipaðrar tilhneygingar gætti einnig í hinum Vopnafjarðaránum (Ólafur Einarsson og Arni J. Óðinsson 1989a og b.). Líklegt er að veiði í Vesturdalsá muni verða svipuð eða þá hugsanlega dragast eitthvað saman, miðað við veiðina 1988, þar sem nú eru að koma inn í veiðina seiðaárgangar sem voru frekar fáliðaðir (Tafla 1). Ef spáð er í stórlaxagengd í Vesturdalsá sumarið 1989 má búast við að þar veiðist tæplega 100 stórlaxar þar sem síðastliðið sumar veiddust 119 smálaxar.

HEIMILDIR


Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987. Veiðimálastofnun,  
skýrsla VMST-R/87026.

Jón Kristjánsson 1982. Athugun á veiðiskýrslum úr nokkrum  
laxveiðiám NA- og A-lands 1969-1981. Veiðimaðurinn  
38. árg., nr. 109. Bls 39-44.


Ólafur Einarsson og Árni Jóhann Óðinsson 1989a. Laxarannsóknir í  
Hofsá í Vopnafirði. Veiðimálastofnun, skýrsla VMST-R/89014.

Ólafur Einarsson og Árni Jóhann Óðinsson 1989b. Laxarannsóknir í  
Selá í Vopnafirði 1988, skýrsla VMST-R/89014.

Sigurður Guðjónsson 1988. Vesturdalsá í Vopnafirði.  
Fiskirannsóknir 1987 auk yfirlits um fyrri rannsóknir.  
Veiðimálastofnun, skýrsla VMST-R/88030.




Mynd 1. Vesturdalsá í Vopnafirði.




Mynd 2: Fjöldi og aldursdreifing seiða í Vesturdalsá í rafveiði 1988.


Ofan við Fremri Hlið. 300 m<sup>2</sup>.





Bleikja



Við Öskumel. 250 m<sup>2</sup>.




Mynd 3: Fjöldi og aldursdreifing seiða í Vesturdalsá í rafveiði 1988.



Mynd 4: Heildarfjöldi og aldursdreifing bleikju- og laxaseiða í Vesturdalsá í rafveiði 1988.

# VESTURDALESÍ

Laxveidin 1974-1999



Mynd 5.

Heimild: Guðni Guðbergsson 1988 og munningar upplýsingar hans.